

**3. gr.**

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 1 800.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki er kr. 150.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrirfram, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

**4. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 71 24. apríl 1954 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963 um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 10. apríl 1972.

Jafnframt falla úr gildi auglýsingar nr. 60 15. apríl 1964 og nr. 90 28. marz 1969.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. febrúar 1972.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 37.

17. febrúar 1972.

**G J A L D S K R Á****Rafmagnsveitna ríkisins.****Heildsöluverð.**

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu orkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er almennt miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og sammingsbundna tímalengd notkunar.

**Rafmagnsgjald.**

Aflgjald .....	2.400 krónur á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .....	76 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .....	44 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	22 aurar á kWst.

**Aflmæling.**

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálags-  
toppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálags á afhendingarstað.

**Ársnýting.**

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst. deild með þeim álagstoppí á kW, sem greiða skal fyrir.

**Ákvörðun aflagjalds.**

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afl.

**Launafl.**

Gjaldskráin er miðuð við, að fasviksstuðull hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.8 og geta Rafmagnsveiturnar krafizt þess, að kaupandi geri ráðstafanir á sinn kostnað til úrbóta, ef þessu skilyrði er ekki fullnægt.

**Greiðsluskilmálar.**

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans, miðað við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt Rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga, reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

**Önnur ákvæði.**

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Verðjöfnunargjald er innifalið í verðinu en ekki söluskattur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 til að taka gildi 1. marz 1972 og er eldri gjaldskrá úr gildi felld frá sama tíma.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**G J A L D S K R Á****Rafmagnsveitna ríkisins.****Smásöluverð.****I. GJALDSKRÁRLIÐIR**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**1. Lýsing.**

11. Fast gjald	.....	kr. F1	
Orkugjald	.....	—	12.30 á kWst.
12. Fast gjald	.....	— F1	+ F2
Orkugjald	.....	—	6.45 á kWst.